



# Fréttabréf

## Íslenska bútaumsfélagins

Útgefandi Íslenska bútaumsfélagið, Austurbrún 21, 104 Reykjavík  
1. tbl. 13. árgangur 2013



Teppi eftir Ursula Junker. Stærð: 113 x 121.

# ÞÚ BYRJAR Í PFAFF

Bútasaurinn byrjar

á góðri saumavél

og því byrjar þú í Pfaff.

Hjá okkur er mikið

úrval gæða saumavéla.

Komdu og skoðuðu úrvalið.



KOMDU  
OG KYNNTU  
ÞÉR MÁLIÐ!

NÝJA OPAL 650 SAUMAVÉLIN FRÁ HUSQVARNA HENTAR SÉRLEGA VEL Í BÚTASAUMINN.



VIÐ EIGUM  
MIKIÐ ÚRVAL  
BÓMULLAR- OG  
ÚTSAUMS-  
TVINNA


kíktu inn á [www.pfaff.is](http://www.pfaff.is)

Pfaff // Grensásvegi 13 // Sími 414 0400

**PFAFF**

# Efnisyfirlit

Aðalfundur .....	3
Frá formanni .....	3
Blátt-hvítt-rautt .....	4
Sæunn Thorarensen.....	6
Bókaumfjöllun.....	9
Ísland - ást við fyrstu sýn.....	10
Maija Brummer .....	12
Standur fyrir spjaldtölvu.....	14
Heimsókn í BjarkarHlíð .....	16
Bútapest.....	18
Vinningur í bútahappdrætti .....	18



**Teppið á forsiðunni** er saumað af Ursula Junker.

**Útgefandi:** Íslenska bútaumsfélagið

**Ábyrgðarmaður:** Lovísa Jónsdóttir

**Ritnefnd:** Margrét Óskarsdóttir

margretoskars@simnet.is

Erla Esther- og Sigurðardóttir

erla74@hotmail.com

**Heimilisfang:** Austurbrún 21, 104 Reykjavík

**Sími:** 553 6401

**Heimasíða:** [www.butasaumur.is](http://www.butasaumur.is)

**Netfang:** [fingurbjorg@gmail.com](mailto:fingurbjorg@gmail.com)

**Umbrot og prentun:** Leturprent

**Prófarkarlestur:** Kristín Jónsdóttir

og Valgerður Óskarsdóttir

## Frá formanni

### Ágætu félagsmenn

Þá er árið 2012 liðið, en það átti að vera mannkyninu afar erfitt og enda með heimsendi sem ekki varð. Er þetta haft eftir spádómi Inkanna í Perú. Nú er að sjá hvað árið 2013 ber í skauti sér en það er ekki til í tímatali Inkanna.

Á Íslandi blómstrar bútaumurinn og eru margar konur stórhuga í þeim efnunum. Stjórnin ákvað í upphafi starfsársins að brydda upp á nokkrum nýjungum í starfssemi félagsins og er það von hennar að félagsmenn séu ánægðir með þær. Félagshandlingur var fækkað og tveimur breytt í saumafundi sem mikil ánægja hefur verið með.

Aðalfundinum verður flýtt og er hann að þessu sinni í mars, laugardaginn sem sýning félagsins stendur yfir í Perlunni og mun verða haldinn þar. Síðasti fundurinn verður síðan óvissuferð um Vesturlandið laugardaginn 27. apríl. Áætlað er að koma til baka um kl. 17:00. Í ferðinni munum við stoppa, skoða og fræðast.

Næsti stóri dagskrárliður er sölusýningin í Perlunni, sem er einstakt tækifæri fyrir félagsmenn að koma verkum sínum á framfæri. Nokkrir hafa þegar tilkynnt þátttöku, bæði einstaklingar og klúbbar sem hafa tekið sig saman og sitja nú og sauma söluvarning sem bjóða á upp á í Perlunni.

Hvet ég ykkur til að halda vel áfram við verkin og mæta hlaðnar varningi í fyllingu tímans.

*Kveðja*

*Lovísa Jónsdóttir, formaður*

## Aðalfundur

Aðalfundur verður haldinn laugardaginn 16. mars 2013 kl. 10:00 í Perlunni.

1. Fundarsetning, kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar um störf á liðnu ári
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
4. Tillaga um árgjald
5. Skýrslur nefnda
6. Lagabreytingar, enda hafi þær borist stjórn fyrir boðun aðalfundar
7. Kosning formanns
8. Kosning meðstjórnenda
9. Kosning varamanna
10. Kosning tveggja skoðunarmanna
11. Kosning í nefndir
12. Önnur mál
13. Fundi slitið

# Blátt-hvítt-rautt

Á jólafundi Íslenska bútasauksfélagsins 28.11.2012 voru til sýnis verk úr árlegri jólasamkeppni, sem að þessu sinni bar heitið: Blátt-hvítt-rautt. Litabemað var hugsað út frá íslensku fánalitunum: Heiðblátt, eldrautt og mjallhvítt. Stærðin átti að vera 80x80 cm: Dúkur, veggteppi eða barnateppi.

Verkin stóðust öll viðmið, þau voru skemmtilega fjölbreytt og ólík þrátt fyrir takmarkað litaval, sem ef til vill hefur átt sinn þátt í hversu fáir tóku þátt.

Sex verk bárust í keppnina. Þær sem sem tóku þátt voru: Hrönn Scheving, Kristín L. Magnúsdóttir, Lynda Harðardóttir.



1. „Dúkað 17. júní borð“ Verðlaunaverkið eftir Lyndu Harðardóttur.



2. „Pólstjarnan“ eftir Ragnheiði Björnsdóttur.



3. „Staflí“ eftir Hrönn Scheving.



4. „Snjó Korn falla“ eftir Margræti Óskarsdóttur.

ir, Margrét Óskarsdóttir, Ragnheiður Björnsdóttir og Sigríður María Torfadóttir. Ein verðlaun voru veitt að þessu sinni og greiddu jólafundargestir atkvæði um besta verkið. Verðlaunin hlaut Lynda Harðardóttir fyrir verkið „Dúkað 17. júní bord“.

Sýningarnefnd þakkar öllum þátttakendum kærlega fyrir þeirra framlag til skapandi bútasaums á Íslandi.

f.h. sýningarnefndar,  
Margrét Ósk Árnadóttir



5. „Frost og funi“ eftir Kristínu Láru Magnúsdóttur.



6. „Postulínsdúkur“ eftir Sigríði Maríu Torfadóttur.

gistihúsið  
**vid Fjörðinn**  
guesthouse

Gisting  
Góð aðstaða

Velkomin | Welcome

Aðalstræti 26 Þingeyri  
www.vidfj.ordinn.is  
vidfj.ordinn@vidfj.ordinn.is

- Bed and breakfast
- Gisting
- Morgun verður
- Nesti
- Grillveislur og matur fyrir minni hópa

00354 847 0285  
00354 898 8258  
00354 456 8172

og erum einnig á Facebook

  
**Quiltbúðin**  
bútasamur · handavinna · garn



**Quiltbúðin** - Sunnuhlíð 12 - 603 Akureyri  
Sími 461 2241 - www.quiltbúðin.is

# Sæunn Thorarensen

Ekki er víst að allir geri sér grein fyrir þeirri vinnu sem liggur að baki stungu á einu teppi eða dúk. Ritnefnd lék forvitni á að kynna sér ferlið frá byrjun til enda og fór þess á leit við Sæunni Thorarensen, sem er mörgum kunn fyrir sína vinnu, að hún segði frá henni og varð hún góðfúslega við þeirri beiðni okkar. Við fórum einn eftirmiðdag til Sæunnar og hittum hana þar sem hún er með vinnuástöðu í Vesturbæ Reykjavíkur.



Sæunn Thorarensen.

Við höfðum meðferðis tvö teppi sem átti að stinga. Byrjað var á að mæla toppinn og athuga hvort eigand-



Bak, vatt og toppur á sínum stað.



Gengið frá baki.



Bakið tilbúið.

inn hefði gætt þess að bak og vatt væri aðeins stærra en toppurinn, en bak og vatt þarf að vera minnst 15 cm stærra á alla kanta en sjálfur toppurinn. Þetta er nauðsynlegt til þess að geta fest bak og vatt rétt og vel saman og að saumavélin rekist ekki í klemmurnar sem halda því. Einnig verður bæði toppur og bak að vera vel straujað. Ef sú er ekki raunin fer mikill tími í að laga það áður en öll vinnan hefst við að setja bak, vatt og

topp í vélina. Stundum þarf Sæunn líka að ganga frá bakinu fyrir stungu, t.d. að sauma saman bakið.

Eftir að hafa skoðað mikið úrval af mynstrum var að lokum komist að niðurstöðu. Þá var bara eftir að velja tvinnann. Gott var að þiggja ráð frá Sæunni sem var fljót að finna lit við hæfi. Marglitur tvinni varð fyrir valinu og svo hófst vinnan við að koma teppinu fyrir í vélinni, en það er vandamt verk og



*Tvinnageymsla.*



*Vattið komi á sinn stað og vélin þrædd.*



*Búið að festa toppinn.*



*Séð yfir vinnuádstöðuna.*

ekki gengur að kasta til þess höndunum. Byrjað er á því að finna miðjuna á baki og toppi. Fyrst er bakið sett á valsinn og því rúllað upp á hann. Svo er röðin komin að vattinu og að síðustu er gengið frá toppnum. Þá er komið að því að strekkja og sjá hvort allt passi nú saman, þ.e. bak og toppur. Hvítu blaði með áteiknuðu mynstri er komið fyrir undir plasti á annarri hlið vélarinnar og síðan er stungið eftir því mynstri. Gæta þarf þess að mynstrið endi á svipadan hátt báðum megin á toppnum. Þegar búið er að stinga eina rönd þvert á teppið þarf




*Allar brúnir þræddar saman.*

að færa valsinn, sem tilbúni hluti teppisins rúllast upp á fram. Þannig er haldið áfram þar til búið er að stinga allt teppið.

Sjálfr stungan er mikil nákvæmisvinna. Þegar um er að ræða heilstungu er mynstri, sem valið hefur verið, fylgt nákvæmlega yfir allt teppið og er lítill rauður ljósdepill notaður til aðstoðar, en hann er látinn elta mynstrið. (Ef myndin prentast vel má sjá rauða depilinn). Þegar teppi er ekki heilstungið liggur meiri og seinlegri vinna að baki stungunni því að það er tímafrekara að stinga í saumför og búa til mismunandi mynstur í ákveðna fleti heldur en að fara eftir fyrir fram gerðu munstri.

Þegar verið er að stinga svokallað „custom quilt“, eða stinga með frjálsri aðferð, er mjög mikilvægt að strauja vel



Rauði ljósdepillinn eltir munstrið.



Stunguvél.

alla sauma og láta þá alla snúa í sömu átt þannig að það sé hægt að sauma meðfram þeim. Sem dæmi má nefna að innri kantur sé ekki straujaður ýmist inn á við eða út á við á sömu hlið.

Vélin sem Sæunn notar er af tegundinni Gammill. Hún er með langan vals sem gefur möguleika á að stinga allt að þriggja metra breið teppi („king size“). Svona vél er fyrirferðarmikil og sagði

Sæunn að hún vildi gjarnan hafa meira pláss fyrir allt sem fylgir svona atvinnurekstri.

Það er ekki hlaupið að því að stinga í svona vél, það krefst þjálfunar og leikni. Þegar Sæunn keypti vélin kom fulltrúi frá seljanda tvívegis til landsins til að kenna henni á hana og í framhaldinu tók við margra vikna æfingatími. Á vegg í vinnustofunni hanga viðurkenningar vegna námskeiða sem Sæunn hefur sótt og æfingin skapar meistarann.

Okkur kom á óvart hversu mikil vinna liggur að baki stungu á einu teppi og erum við margs vísari eftir heimsóknina sem var mjög áhugaverð. Skemmtilegt var að kynna þessari vinnu og þakkar ritnefnd Sæunni fyrir að taka á móti okkur og útskýra fyrir okkur stunguferlið í heild sinni.

Margrét Óskarsdóttir og  
Erla Esther- og Sigurðardóttir

**Vertu með okkur á**

<http://www.facebook.com/butasaumur>

**facebook**



# Bókaumfjöllun

Það eru ekki mörg ár síðan ég „féll“ fyrir bútasaumnum. Ég byrjaði á hefðbundnum bútasauri. Smátt og smátt hefur áhugi minn beinst í áttina að óhefðbundnum bútasauri og stungum. Flestar bækur sem fást hér á landi eru með uppskriftum fyrir hefðbundinn bútasaur og því fór ég á Internetið að leita að bókum sem fjalla eingöngu um óhefðbundinn bútasaur. Eftir nokkra




leit fann ég bók sem ég keypti mér og held mikið upp á en það er bókin „Quilting modern techniques and projects for improvisational quilts“ eftir Jacquie Gering and Katie Pedersen, útgefin af Interweave Press LLC, 2012.

Í upphafi bókarinnar skrifa höfundar um og tól og tæki sem nauðsynlegt er að hafa við höndina og gefa góð ráð í sambandi við skurð og saumaskap. Þeir fara nokkuð ítarlega í litaskalann og uppbyggingu verkanna og hvernig hægt er að stinga í venjulegri heimilislífi, en verkin í bókinni eru ýmist stungin í þannig vél eða stunguvél með löngum valsi.

Í bókinni eru uppskriftir af mismunandi verkum, sem eru hvert öðru fallegra. Góðar myndir auðveldar undirbúning og samsetningu. Ljósmynd sem sýnir hluta verksins auðveldar notanda að gera sér grein fyrir stungunni.

Þetta er mjög góð bók fyrir þá sem hafa gaman af óhefðbundnum bútasauri.

Önnur bók sem mér finnst alltaf gaman að skoða, og er alveg ákveðin í því að sauma eitthvað upp úr þegar tími gefst til, er bókin „Material obsession two Shared inspiration“ eftir Kathy Doughty and Sarah Fielke, útgefin af Murdoch Books Limited, 2009. Litagleðin ræður ríkjum í verkum vinkvennanna og þær nota hiklaust ljósmyndir af teikningum sem þær hafa gert á teiknipappír til þess að sýna samsetningu og uppbyggingu verkanna. Leiðbeiningar um hvernig á að sauma verkin eru góðar. Höfundarnir gera mikið af því að handstinga og eru góðar leiðbeiningar í bókinni



um hvernig skuli staðið að því. Góðar leiðbeiningar eru einnig um skurð, samsetningu, frágang og applikeringu. Þetta er einstaklega falleg og litaglöð bók sem endalaust er hægt að skoða og láta sig dreyma um að sauma öll verkin. Ekki spillir að á undan hverri uppskrift segja þær stöllur frá því hvernig hugmyndin að verkinu fæddist og er mjög gaman að lesa þessar hugleiðingar þeirra um það. Þá er mjög gott að við hvert verk eru tákni sem lýsa erfiðleikastuðli verksins. Ég mæli óhikað með þessari bók til yndis og afnota.

Margrét Óskarsdóttir

*Ferskir straumar í bútasaumnum!*

*Nýjar efnislínur, modern efni, enn meira væntanlegt í mars.*

*Batik efni í miklu úrvali.*

*Fullt af fallegum barnaefnum, m.a Hello Kitty, Cars, Mikka Mús og Dóru efni.*

*Allt í bútasauminn á einum stað.*



**VIRKA**

Opið mán-föst.  
10-18.  
Laugardaga  
11-15.

Mörkin 3, sími 5687477

www.virka.is

# Ísland - ást við fyrstu sýn

Það er alltaf gaman fyrir okkur Íslendinga að heyra af fólki af erlendum uppruna sem fær áhuga á Íslandi og jafnvel sest þar að. Fréttabréfið frétti, í gegnum bútasaumskonu, af svissneskum hjónum sem hefðu byggt sér sumar-bústað í Hvalfirðinum og að konan hefði saumað einstaklega fallegt bútasaumsteppi. Fréttablaðið fékk Ursulu Junker til að segja frá hvernig Íslands-áhugi hennar byrjaði og sögu teppisins og varð hún góðfúslega við þeirri bón.

Ég er Svisslendingur og bý með Jürg manninum mínum og tveimur köttum í Olten, sem er borg í norðurhluta Sviss. Flesta daga er ég upptekin í minni vinnu, en ég starfa hjá lyfjafyrirtæki og hef því ekki mikinn tíma fyrir tómstundaiðju. Þar sem ég vinn alla daga á skrifstofu finnst mér gott að vera úti þegar ég á frí, t.d. að vinna í garðinum okkar, fara í gönguferðir í Ölpunum á sumrin og á skíði á veturna. Mér finnst gaman að taka ljósmyndir, sérstaklega af öllu í náttúrunni eins og dýrum, blóm-



Ursula og Jürg á góðri stundu.

um og landslagi. Á veturna finnst mér líka gaman að þrjóna og það hef ég gert síðan ég var lítil stelpa. Ég fékkst lítið við að sauma og alls ekki bútasaum. En það breyttist eftir að ég varð ástfangin af eyju í Norður-Atlantshafi.

Ég man mjög vel þegar við komum til

Íslands í fyrsta sinn. Það var í maí 1993 og við lentum á Keflavíkurflugvelli um miðnætti. Það var kalt og hvasst en enn þá bjart. Við fórum til Reykjavíkur í rútu og mér fannst að ég væri á annarri plánetu. Ég hafði aldrei séð hraun áður og ég varð mjög hrifin af því. Við vorum heppin á ferð okkar. Vedrið var oftast gott þegar við keyrðum frá Reykjavík til Akureyrar um Suðurland og Austfirði. Við vorum mjög hrifin af Heklu, Mýrdalssandi, Skaftafelli, Jökulsárlóni og Mývatni. Því miður var of snemma árs til að fara inn á hálendið. Þegar við flugum til baka til Sviss frá Akureyri var klukkan tvö að nóttu, það var heiðskirt og miðnætursólin lýsti upp Herðubreið sem var enn þá þakin snjó og Jökulsá á Fjöllum var eins og gylltur þráður. Við vorum viss, við urðum að koma til baka! Maðurinn minn keypti Landróver og við keyrðum á honum um hálendið árið 1995. Árið 1996 fórum við til Íslands í fyrsta skipti að vetri til og skoðuðum ísjakana á Skeiðarársandi eftir eldgosíð í Bárðarbungu. Það var svo margt að sjá á eyjunni að við fórum til baka aftur og aftur. Einhvern tíma hætti ég að telja hvað við höfum farið oft til landsins.

Ég veit ekki enn hvenær ég ákvað að byrja að sauma þetta bútasaumsteppi. Móðir mín var dugleg við bútasaum-





inn og stundum keypti ég bækur til að gefa henni. Ég var alltaf að hrósa henni fyrir saumaskapinn en datt aldrei í hug að sauma neitt sjálf, en þar kom að því að mig langaði að prófa. Ég ákvað að sauma mynd á bol, en ég hafði keypt bol á Íslandi sem var með teikningu af gígum á Skútustöðum í Mývatnsveit. Ég saumaði fyrstu myndina en var ekki ánægð með hana. Ég saumaði aðra mynd, ég man að hún var af Mælifelli á Mælifellssandi. Hún var betri og ég fór að njóta þess að sauma. Það var eins og að mála með litum.

Ég fann verslun í Basel í Sviss með miklu úrvali af efnum sem ég gat notað. Einnig keypti ég efni á vefnum frá Bandaríkjunum og Bretlandi og í verslun í Reykjavík. Ég ætlaði líka að sauma mynd af norðurljósum, en það var ekki auðvelt að finna efni sem hentaði, en loks fann ég afganga á útsölu. Fljótlega var þetta orðið of mikið af efnum fyrir boli og ég ákvað að nota þau til að sauma teppi. Á endanum urðu þetta 36 myndir og teppið því nokkuð stórt. Það var ekki auðvelt að finna vegg í húsinu okkar fyrir það, það var aðeins laust pláss á ganginum. Það varð að bíða betri tíma að hengja það upp.

Fyrirmyndir voru ljósmyndir sem við maðurinn minn tókum sjálf eða fallegar myndir sem ég sá í bókum og ég reyndi að laga þær að verkinu. Þetta voru vinsælir staðir sem ég vildi „mála“: Landmannalaugar, Hrafninnusker, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Gullfoss, Goðafoss, Kröflugos og fleiri staðir.



Draumur minn var að fara út í óbyggðirnar einu sinni að vetri til. Jürg vildi ekki sitja í rútu eða jeppa, hann vildi keyra sjálfur. Ég varð að bíða. Loksins árið 2009 sáum við auglýsta ferð með breyttum Landróverum hjá ferðabjónustu Ísafoldar sem var kölluð „Iceland Winter Trophy“ og þar gátum við ekið sjálf. Við ókum yfir Langjökul og í Landmannalaugar. Ferðin var frábær og leiðsögumennirnir tveir, bræðurnir Jón Baldur og Ingi Þorbjörnssynir, urðu vinir okkar. Jón Baldur sannfærði okkur árið 2011 um að byggja sumarbústað í Hvalfjarðarsveitinni með honum og Auðbjörgu Bergsveinsdóttur konu hans og vinum þeirra frá Belgíu. Ég hef aldrei iðrast þess. Þetta er fallegur staður og frábært útsýni. Það var greinilegt að nú ætti teppið að fara til Íslands. Það er nú í stofunni í sumarbústaðnum, okkur og gestum okkar til mikillar gleði.

Það er Inga að þakka að ég ákvað loks að læra íslensku. Það er ekki mikil íslenskukennsla í Sviss og ég verð að læra hana sjálf með hjálp bóka sem ég keypti á Íslandi. Ég hlusta líka oft á lög Bubba Morthens, en besta hjálpin er Ingi. Hann er mjög góður kennari þó að hann stríði mér stundum með því að segja að málið mitt sé „svisslensk-íslenska“. Ekkert mál, þetta reddast!

# Maija Brummer – bútalistakona fram í fingurgóma

Þið sem hafið komið á *Festival of Quilts* í Birmingham kannist við hve sýningin er stór og bútateppin mörg, stundum jafnvel yfirþyrmandi. Maður fer á milli og skoðar og skoðar og dáist að hverju verkinu á fætur öðru. Þegar heim kemur vill þetta svo renna saman, nema auðvitað það sem stendur upp úr.



*Mellow Yellow - Maija Brummer.*

Fyrsta ferð mín til Birmingham var árið 2005. Þá fannst mér flottustu verkin vera á Husquarna sýningunni sem bar yfirskriftina Color – Coleur – Colore. Af 161 verki frá 19 löndum sem send voru til þátttöku voru 50 valin á þessa farandsýningu. Keppt var í tveimur flokkum, *Art Category* og *Contemporary Category*. Í stuttu máli sagt þá féll ég algjörlega fyrir einu verki sem heitir *Mellow Yellow*. Það kom mér skemmtilega á óvart að listakonan var finnsk og heitir Maija Brummer. Mynd af verkinu fylgir greininni. Einnig er hægt að skoða verðlaunaverkin hér: [http://www.husqvarnaviking.com/ko/523\\_1139.htm](http://www.husqvarnaviking.com/ko/523_1139.htm)

Maija Brummer fékk önnur verðlaun í flokknum *Art Category* fyrir verkið **Mellow Yellow** en af 50 verkum á sýn-

ingunni fengu aðeins fimm verðlaun. Í sýningarskránni segir Maija Brummer m.a.: „Ég elska liti! Uppáhalds litaupp-sprettan er náttúran með öllum blóm-unum, laufblöðunum og berjunum. Ég hef verið að ganga í gegnum gult tímabil undanfarið. Ég vildi gera teppi sem gæti verið eins gult og hægt væri. Mellow Yellow sýnir fegurð haustsins þegar laufin falla af trjánum og allt verður gult í stuttan tíma. Litir færa okkur fegurð og ánægju.”

Þetta verk var geymt en ekki gleymt í mínu hugskoti sem það flottasta sem ég upplifði í Birmingham í þetta skipti. Nú líður og bíður þar til ég er beðin um að taka þátt í dómnefndarstörfum fyrir Bútasaumsfélagið vegna norrænnar samkeppni á vegum NQT í Gautaborg 2009. Þar eru fulltrúar frá öllum Norð-urloöndunum og eitthvað fannst mér nafnið kunnuglegt þegar finnska dómnefndarkonan kynnti sig sem Maiju Brummer en ég kveikti ekki strax. Svo æxlaðist til þessa helgi í Stokkhólmi

að við tvær töluðum langmest saman enda báðar finnskumælandi. Maija er hlédræg kona á miðjum aldri, klædd á mjög hefðbundinn hátt í anda breskra hefðarkvenna og bar þess alls ekki merki að vera sú skapandi listakona sem hún er. Svona getur útlit fólks blekkt mann. Talið barst að Birmingham sýningunum og ég nefndi uppáhaldsteppið mitt – þetta gula – frá 2005 og þá náði ég loks að tengja. Hún sagðist auðvitað kannast vel við teppið enda höfundurinn! Þetta fannst mér ótrúlega skemmtileg tilviljun og ánægjulegt að kynnast listakonunni.

Auðvitað notaði ég tækifærið og spurði Maiju spjörunum úr. Ég spurði t.d. hvort hún ætti uppáhaldsbúta-saumsbúð. Hún sagðist nánast hætt að kaupa efni sem væru sérstaklega ætluð í bútasau, hún notaði alls konar efni og litaði allt sjálf. Hún litar bæði með venjulegum kemískum litum og svo sólarlitum\*. Hún notar saumavélina mikið til að stinga frjálst og eiginlega teiknar á flötinn með nálinni. Eftir að



\* Sólarlitir eru framleiddir í Finnlandi. Þetta eru sérstakir litir sem eru bornir á þurrt efni. Efnið er svo þakið að hluta með einhverju til að mynda mynstur, t.d. laufblöðum. Sá hluti sem er þakinn litast ekki því sólin/birtan kemst ekki að. Litirnir eru látnir þorna og svo festir með því að strauja flötinn. Þetta er skemmtileg aðferð sem býður upp á marga möguleika. Nánari upplýsingar má fá hjá greinarhöfundinum en til stendur að flytja litina inn vegna áhuga frá nokkrum félagskonum.



Nature mort au papillon - Maija Brummer.

hún uppgötvaði vatnsuppleysanlega filmu, notar hún hana mikið inn á milli til að geta síðar leyst hana upp og gert teppin að hluta til gagnsæ. Það á reyndar ekki við um Mellow Yellow. Maija fann sína syllu í bútasami, notaði náttúruna og þá aðallega gróður sem uppsprettu hugmynda og var dugleg að þreifa sig áfram með vélsaumstæknina að vopni og þróa hana. Þetta er sjálfsgagt lykkillinn að velgengni Maju í bútasami, þ.e. að halda sig á sömu syllunni og þroskast þannig sem bútalistakona.

Maija tók fyrst þátt í Husquarna samkeppninni 2003 og komst strax í sýningarhópinn. Eftir það héldu henni engin bönd og hún tók þátt mörg ár í röð. Hún byrjaði í hefðbundnum bútasami 1995 eftir stutt

saumanámskeið í leit að nýju áhugamáli. Hún féll strax fyrir bútasamnum og keypti sér saumavél. Samkvæmt heimasíðu hennar tók hún síðast þátt í sýningunni *3rd European Quilt Triennial 2007* og svo eftir það átti hún verkið *Winter Forest* í dagatalinu 2008. Vonandi er hún ekki hætt að sauma!

Mér fannst áhugavert að kynna þessa stórkostlegu sjálf lærðu listakonu fyrir ykkur. Ef þið viljið skoða fleiri verk eftir hana þá er myndskreytt grein sem birtist í *Quilting Arts Magazine* hér: [www.kolumbus.fi/maija.brummer/articles/QA\\_fall\\_2003.pdf](http://www.kolumbus.fi/maija.brummer/articles/QA_fall_2003.pdf)

Heimasíðan hennar er: [www.kolumbus.fi/maija.brummer](http://www.kolumbus.fi/maija.brummer)

Vonandi verður þessi pistill til að hvetja aðra í félaginu til að skrifa um sitt uppáhaldsbútalistafólk.

Guðrún Hannele  
hannele@storkurinn.is

# TRÆF 2013

## Herning Kongrescenter

Udstillinger, workshops og patchworkbutikker.

Lørdag den 24. august  
kl. 09.00 - 17.00

Søndag den 25. august  
kl. 09.00 - 16.00

Dansk Patchwork Forening  
[www.patchwork.dk](http://www.patchwork.dk)

Laugavegi 59, 2. hæð | 101 Reykjavík | Sími 551 8258  
storkurinn@storkurinn.is | [www.storkurinn.is](http://www.storkurinn.is)

# Standur fyrir spjaldtölvu

## Efni:

1/2 m efni (45 cm)  
Afskurður fyrir blóm  
Polyester tróð / fylling  
1 tala  
Steinn eða annað til þyngingar  
Pappaspjald

## Leiðbeiningar:



Mynd 3. Rúnnið af hornin á hverjum ferning eins og sýnt er á myndinni.

## Pokinn



Mynd 6. Brjótið stóra ferninginn saman, réttan snýr inn. Ath. brjótið saman á 18" hliðinni.



Mynd 9. Verið viss að saumarnir séu fyrir miðju og fletjið pokann út eins og myndin sýnir.



Mynd 1. Skerið 1 18 1/2" x 12" rétthyrning og 3 4" ferninga.



Mynd 4. Þræðið alla ferninga saman. Gott er að nota tannþráð eða álíka sterkan þráð. Notið nokkuð stór spor svo að miðjan myndi ekki of stórt gat þannig að talan nái ekki að hylja það.



Mynd 7. Saumið 2 hliðar saman en skiljið aðra styttri hliðina eftir opnna. Snýrtið hornin eins og myndin sýnir.



Mynd 10. Finnið miðjupunktinn og merkið með tituprjóni.

## Blómið búið til



Mynd 2. Skerið 1 2 1/2" x 8 1/2" rétthyrning og 3 4" ferninga. Brjótið ferningana í tvennt, tvisvar sinnum og straujið í hvert skipti.



Mynd 5. Festið töluna á miðjuna.



Mynd 8. Snúið pokanum við svo réttan snúi út. Leggið pokann niður þannig að saumarnir snúi niður á borð.



Mynd 11. Brjótið miðjuhornið niður eins og myndin sýnir. Þarna mun blómið verða saumað á.



Mynd 12. Stillið pokanum upp eins og myndin sýnir, með tituprjóninn á þeim stað þar sem blóm-  
ið er saumað á.



Mynd 13. Saumið blómið þar sem tituprjóninn er.

### Fylling fyrir standinn



Mynd 14. Notið sniðið og búið til botn úr stifum pappa og setjið í botninn á pokanum. Setjið svo eitthvað þungt, t.d stein eða annað sem mun þyngja pokann ofan á pappaspjaldið. Þetta mun auka á stöðugleika standsins. Fyllið svo vel upp með tróði. Notið eins mikið og ykkur finnst þurfa. Þessi er með nóga fyllingu til halda vel við spjald-tölvuna, en er ekki harður.



Mynd 15. Þegar búið er að setja nóg tróð, byrjið að tituprjóna pokann frá endanum á pappaspjaldinu.



Mynd 16. Saumið meðfram pappaspjaldinu.



Mynd 17. Brjótið efnid í tvennt eins og myndin sýnir.



Mynd 18. Tituprjónið meðfram brúninni.



Mynd 19. Saumið nálægt brúninni.



Mynd 20. Skiljið eftir lítið op til að hægt sé að fylla brúnina – má vera stífari en pokinn. Saumið opið saman í höndum þegar næg fylling er komin í brúnina.



Mynd 21 - 22. Þá er spjaldtölvustandurinn tilbúinn til notkunar.

Birt með leyfi Teresa Down Under  
[mypatchwork.wordpress.com/](http://mypatchwork.wordpress.com/)  
[www.facebook.com/TeresaDownUnder](https://www.facebook.com/TeresaDownUnder)

# Heimsókn í BjarkarHlíð

**B**jörk Arnardóttir er listakona í höndunum og fékk ritnefndin hana til þess að segja frá áhugamáli sínu, bútasaumi.

Áhugi minn á bútasaumi kviknaði þegar Jóhanna í versluninni Bóthildi kom vestur á land og hélt námskeið í greininni. Ég skráði mig á námskeiðið og eftir það varð ekki aftur snúið, það var alveg yndislegt að fá tækifæri að kynnst þessari handavinnu.

Hópurinn var öflugur. Eftir veturinn kölluðu þær Björg Kristjánsdóttir og Ingileif Guðmundsdóttir okkur saman og stofnuðu Bútasaumsklúbbinn Þjötlurnar. Ég var kosin gjaldkeri og var það þangað til að ég flutti til Danmerkur árið



6700 bútar.



Saumavélin bíður.

2001. Við erum með vinnudag fyrsta laugardag í hverjum mánuði yfir vetrarmánuðina og fljótlega var farið í uppskeruferð í maí. Enn reyni ég að fara vestur að Núpi í Dýrafirði og hitta þær. Einnig er ég stofnfélagi Íslenska bútasaumsfélagsins.

Vorið 2001 flutti ég og mín fjölskylda

til Danmerkur. Ég man hvað það var erfitt að vera ein í bútasauinum, en ég reyndi eftir bestu getu að fylgjast með og sem betur fer var ekki langt í stærstu bútasaumsbúð Jótlands. Ég gekk ekki í neinn bútasaumsklúbb í Danmörku en lærði að knipla. Ég flutti heim árið 2006 og var þá frekar ein í bútaskilningi. Þekkti enga í Reykjavík en var ákveðin að mæta á fund hjá Bútasaumsfélaginu til að vita hvort ég kannaðist nú ekki við einhverja. Þar var fullt af skemmtilegum konum og ég var svo heppin að nú voru Sæunn Thorarensen og Aðalheiður Finnbogadóttir að stofna saumaklúbb. Ég hafði kynnst þeim í ferðum með versluninni Bóthildi og þær buðu mér að vera með. Þessi klúbbur heitir Saumasystur. Við hittumst annan laugardag í mánuði yfir vetrarmánuðina og saumum allan daginn. Á haustin förum við í helgarferðir og í febrúar erum við með langa saumahelgi.

Þegar ég flutti heim árið 2006 byrjaði ég að vinna hjá heimaþjónustu Hafnarfjarðar. Þar fréttist af áhuga mínum á bútasaumi og Stefanía Víglundsdóttir bar það upp hvort ég vildi ekki vera með þeim í að stofna bútasaumsklúbb. Auðvitað var ég til. Við erum 10-14 konur og hittumst aðra hverja viku. Klúbburinn heitir Fingurbjargir. Í dag vinn ég í Ljósinu og við erum nokkrar vinkonur






*Straubrettið og fallett útsýni.*



*Allt á sínum stað.*



*Ósvör.*

Þar sem tókum okkur saman og byrjuðum að gera bróðeraða prjónatösku úr áströlsku blöðunum Inspiration, svo tók húsataskan við, en grein um hana birtist

ungarvíkur og vann þá óhefðbundinn bútasaum, notaði mynd sem er tekin inn í Ósvör og Bolungarvík er í baksýn.

Árið 2000 var verslunin Bóthildur

í vorblaðinu 2012. Við hittumst ekki oft til að sauma, við vinnum þetta meira sér en samt saman því við erum alltaf að hittast í Ljósinu. Því gáfum við okkur nafnið Ljósprot.

Ég hef eiginlega eingöngu unnið hefðbundinn bútasaum í gegnum árin og finnst það mest gaman, fyrir utan þegar ég fylltist af heimþrá til Bol-

með samkeppni um gerð teppis með 2000 bútum. Ég man hvað mér fannst þetta mikið verkefni svo við í Þjötllum ákváðum að taka þátt sem klúbbur. Allar í klúbbnum, sem vildu taka þátt, áttu að skila inn bjálkakofa (Log cabin). Verkið gáfum við Sjúkrahúsínu á Ísafirði.

Undanfarið hef ég verið með verkefni eftir Judy Martin. Ég byrjaði á því að gera teppi með 3600 bútum. Þar er allt skorið og flokkað niður fyrir fram. Bara taka með sér kassann með bútum og saumavélina þegar mætt er á saumafundi. Þegar það verkefni var búið skoraði Aðalheiður Finnbogadóttir á mig að gera annað teppi sem við vorum mjög hrifnar af eftir Judy. Eina skilyrðið var að kaupa ekki nein efni, heldur nota það sem við áttum. Ég tók öll rauðbrúnu efnin mín og öll ljósu efnin og skar niður í kassa. Í það teppi þurfti 6.700 búta og lauk ég við að sauma teppið síðsumars 2012.

Eins og þið hafið tekið eftir er félagslífið það besta við bútasauminn. Ég er líka dugleg að mæta ef Guðrún Erla frá GE Design kemur til landsins, fer á Löngumýri þegar Quiltbúðin á Akureyri er með saumahelgi og hef verið með í Thimbleberries-klúbbnum hjá versluninni Virku. Eflaust er ég að gleyma einhverju, það er bara svo gaman að sauma.

Mér finnst mikilvægt að vera með nokkur verkefni í gangi, en núna er ég að gera engladúk, barnateppi og baldera, en ég ætla að sauma nýjan þjóðbúning á mig fyrir sumarið og svo prjóna ég mikið.



*Björk sýnir 3600 búta teppið á félagsfundi.*

*Björk Arnardóttir*

# Bútapest

Eftirfarandi kafli er þýðing á útdrætti úr doktorsritgerð hins viðfræga Dr. Thread: „Living with a compulsive Quilter. Diagnosis and surviving techniques, 2001.“

Bútapest er bráðsmitandi og oftast krónískur kvilli. Hún leggst oftast á konur, en þó eru allnokkur dæmi um að karlmenn hafi orðið fyrir barðinu á henni.

Sjaldnast er nokkur von um bata, en algengt er að einkenni sjúkdómsins liggi niðri um tíma. Í kjölfarið blossa þau svo upp aftur, hálfu verri en fyrr, og má jafnvel tala um „kast“. Þá er sem sjúklingurinn verði heltekinn bútapestinni; sefur varla né matast og ver öllum sínum tíma í að skoða efni, klippa, skera, strauja, næla og sauma. Svo alvarleg geta þessi „köst“ orðið að nánustu aðstandendur ná litlu eða engu sambandi við sjúklinginn. Algengt er að pestinni fylgi söfnunarárátta á háu stigi. Oftast lýsir

hún sér þannig að sjúklingarnir fá þráhyggjuhugmyndir um „tuskubúðir“ og geti ekki farið fram hjá slíkri verslun, án þess að að kaupa eitthvað. Hvort sem þá vantar eitthvað eða ekki. Af þessu leiðir að sjúklingar, sem hafa lengi gengið með þennan kvilla, eiga oftast fullar skúffur, kassa, poka og töskur af alls kyns efnum, tvinnu, nælum, nálum, fingurbjörgum, spreijum, vatti og ýmsu öðru sem sjúklingarnir telja sér trú um að sé bráðnaðsynlegt og að þeir muni nota þetta allt einhverntíma. Annað einkenni á söfnunaráráttunni er að engu má henda. Margir sjúklingar ganga svo langt að geyma allar tölur og hnappa af ónýtum fatnaði, neita að henda slitnum gallabuxum, rúmfatnaði, skyrtum og fleiru, sérstaklega ef þessir hlutir eru úr bómullar efnum. Þeir eru algjörlega fastir í þeirri hugmynd, að ef þeir taki þá ákvörðun að henda einhverju, muni þá bráðvanta þennan sama hlut innan fárra daga.

Ekki hafa enn fundist árangursrík meðferðarúrræði. Til lengri tíma litið er best að láta sjúklinginn afskipalausan í „köstunum“ og gefa honum algert frí frá heimilisstörfum og öðrum kvöðum þar til pestin rénar. Mörgum sjúklingum reynist vel að fara á nokkurs konar stuðningsfundi, sem oft eru kallaðir „bútaklúbbar“. Flestum sjúklingum dugar að fara á 1–2 slíka fundi í mánuði, en þó eru dæmi um erfið tilfelli, sem ekki veitir af vikulegum fundum. Að auki er nánast nauðsynlegt að gefa þessum sjúklingum tækifæri til að fara að minnsta kosti einu sinni á ári í „saumabúðir“ eða „saumabústað“ þar sem þeir geta verið innan um sína líka í 2–3 sól-arhringa og notið stuðnings og fengið útrás, svo þeir geti reynt að halda aftur af sjúkdómnum þegar heim er komið.

## Vinningur í bútahappdrætti


Á síðasta aðalfundi var dregið í bútahappdrætti eins og svo oft áður. Þátttakan var fremur dræm að þessu sinni og komu aðeins 9 bútar. Undirrituð var svo heppin að vinna búтана og þá var að leggja hausinn í bleyti og koma þeim saman. Útkoman varð eins og myndin sýnir, falletgur dúkur. Það sem er svo skemmtilegt við dúkinn er að einn búturinn sker sig úr og brýtur upp formið. Dúkurinn prýðir nú borð hjá systur minni þar sem hún dvelur í henni Ameríku nú um stundir og iðkar sína list, sem er málun.

*Margrét Óskarsdóttir*



# ÓVISSUFERÐ

Íslenska bútasaumsfélagsins



## Laugardaginn 27. apríl

verður farið í óvissuferð í stað þess að halda venjulegan fund.

Ferðin kostar 4000 kr.

Lagt verður af stað klukkan 9:00 frá Grensáskirkju og áætlað að koma til baka kl. 17:00. Farið verður á vesturlandið. Í hádeginu verður stoppað þar sem hægt verður að fá a.m.k. súpu.

Þátttaka tilkynnist til Ragnheiðar, s. 5544109 eða Lovisu, s. 5536401

**fyrir 20. apríl**





**15. - 17.  
MARS  
2013**

# BÚTASAUMS SÝNING Í PERLUNNI



Dagana 15. til 17. mars verður stórsýning á bútasami í Perlunni.

Sýningin skiptist þrjár minni sýningar: Strandmenning, Rautt, hvítt og blátt og Vinahringir (EQA sýning sem farið hefur um alla Evrópu frá 2011.

Sýnd verða verk frá bútasamsfólki um allt land og gefst hér frábært tækifæri til að skoða og jafnvel eignast einstök verk því sum verkanna verða til sölu.

Á sýningunni verður sú nýbreytni að bútasamsfólk getur selt verk sín, stór og smá. Hægt er að leigja borð fyrir söluvarning á 5000 krónur. Sölusvæðið getur bæði nýst klúbbum og einstaklingum innan félagsins.

Ath. aðeins félagar í Bútasamsfélaginu geta leigt söluborð.

Væntanlegir þátttakendur þurfa að skrá sig. Þeir sem hafa stór verk til sölu og sýnis þurfa að geta þess sérstaklega út af skipulagningu svæðisins.

Sendið skráningu og fáðið frekari upplýsingar hjá [gagga@centrum.is](mailto:gagga@centrum.is) eða [sirryp@gmail.com](mailto:sirryp@gmail.com).